

reikning stefnds og beri hann því ábyrgð á úttekt þeirri er verksmiðjan hafi fengið vegna beinvinnisunnar. Enda þótt svo hefði verið, eins og orðalag umræddrar yfirlýsingar virðist benda til, að stefndur hafi verið hinn raunverulegi kaupandi að beinum af bátunum í Vestmannaeyjum og hann léti vinna beinin í verksmiðju „Lýsi og Mjöl“, leiðir enganveginn óhjákvæmilega af því, að stefndur þyrfti að annast rekstur nefnds hlutafélags eða umræddrar verksmiðju þess, því að félagið gat auðveldlega hafa tekið að sér að vinna beinin í verksmiðju sinni fyrir stefndan fyrir eigin reikning. Verður því eigi á það fallið hjá stefnanda, að efni umræddrar yfirlýsingar hafi gefið honum réttmætt tilefni til þess að ætla án frekari rannsóknar, að stefndur bæri ábyrgð á rekstri félagsins eða verksmiðjunnar og þar sem ekki er upplýst, að stefndur hafi á annan hátt gefið stefnanda fulla og réttmæta ástæðu til að ætla slíkt, þykir verða að taka kröfu stefnds um sýknu til greina, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

---

Miðvikudaginn 22. janúar 1936.

Nr. 11/1935. Jón Grímsson, útbússtjóri, f. h. Útbús Landsbanka Íslands, Eskifirði

(Th. B. Lindal)

gegn

Ágúst Guðjónssyni, Garðari Jónssyni, Eðvald Valdórssyni, Sæbirni Vigfússyni og Hallgrími Bóassyni

(Enginn).

Ómerking vegna ólöglegar málasmsteypu af hálfu stefnenda í héraði.

Dómur sjóréttar Suður-Múlasýslu 2. ágúst 1934: Aðalstefndur, Hallgrímur Bóasson, greiði aðalstefnanda, Eiríki

Bjarnasyni f. h. skipverja á v/b. Auðbergur S. M. 33, Ágústs Guðjónssonar kr. 383.53, Garðars Jónssonar kr. 1252.60, Eðvalds Valdórssonar kr. 783.43 og Sæbjörns Vigfússonar kr. 199.67, allt með 6% ársvöxtum frá 25. jan. 1934 til greiðsludags og í málskostnað 150 krónur.

Sjóveð eiga umbjóðendur aðalstefnanda í v/b Auðbergur S. M. 33, fyrir kröfum sínum, sem hér segir: Ágúst Guðjónsson fyrir kr. 300.73, Garðar Jónsson fyrir kr. 650.00, Eðvald Valdórsson fyrir kr. 550.28 og Sæbjörn Vigfússon fyrir kr. 199.67 og má aðalstefnandi gera fjárnám í bátnum til tryggingar þessum fjárhæðum með 6% ársvöxtum frá 25. jan. 1934 til greiðsludags.

Málskostnaður í meðalgangssök falli niður.

### Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, útg. 1. febrúar f. á. Þegar málið átti að flytja í hæstarétti 22. nóv. f. á., kom það í ljós, að mætt var í því af hálfu áfrýjanda og allra hinna stefndu, nema Hallgríms Bóassonar. Hefir málið þess vegna verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna. Við síðari fyrirtekt málsins 20. des. f. á. var mætt í því af hálfu sömu aðilja og við þinghaldið 22. nóv. f. á., og lögð fram sókn af hálfu áfrýjanda. Var þá tekinn frestur af hálfu þeirra stefndu, sem mæta létu. Við fyrirtekt málsins 20. þ. m. var ekki mætt fyrir neinn hinna stefndu, en skjölum málsins skilað og það dómtekið samkvæmt kröfu áfrýjanda. Er málið þess vegna dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilskipunar 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir gert þær kröfur hér fyrir hæstarétti, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að niður verði fellt ákvæði dómsins um sjóveðrétt í v/b „Auðbergi“ S. M. 33 og heimild til fjárnáms í bátnum svo og að stefndir verði til þess dæmdir, in solidum, að greiða honum máls-

kostnað að skaðlausu fyrir sjódómi og hæstarétti samkvæmt mati hæstaréttar.

Mál þetta var höfðað fyrir sjódómi Suður-Múla-sýslu af Eiríki Bjarnasyni f. h. skipverja á v/b. „Auðbergi“ S. M. 33, þeirra Ágústs Guðjónssonar, Garðars Jónssonar, Eðvalds Valdórssonar og Sæbjörns Vigfússonar gegn eiganda og útgerðarmanni nefnds báts Hallgrími Bóassyni til greiðslu á vangreiddum aflahlut og kaupi auk vaxta til greiðsludags og til viðurkenningar sjóveðrétti nefndra skipverja í v/b. „Auðbergi“ til tryggingar greiðslu á kröfum þeirra og málskostnaði, og var þess jafnframt krafizt, að skipverjum væri heimilað að gera fjárnám í bátnum og láta fara fram uppboð á honum fyrir kröfum þeirra og málskostnaði. Áfrýjandi gerðist í héraði sakmiðill í málinu og krafðist þess, að krafa aðalstefnanda í héraði um sjóveðrétt í v/b. „Auðbergi“ yrði ekki tekin til greina og honum (sakmiðli) dæmdur málskostnaður. Var málið síðan rekið fyrir nefndum sjódómi, og dómur í því uppkveðinn 2. ágúst 1934. Var dæmt í einu lagi um kaupkröfur greindra skipverja með þeim úrslitum, að kröfur þeirra voru að mestu leyti teknar til greina.

Með því að kröfur skipverjanna á v/b. „Auðbergi“ eru ekki af sömu rót runnar, þar sem til grundvallar kröfu hvers skipverja liggja sérstök viðskipti hans við útgerðarmanninn, verður ekki talið, að slíkt efnissamband sé milli krafanna, sem hafi gert það heimilt samkvæmt konungsbréfi frá 3. janúar 1755 að sækja þær í senn með einni málssókn, og í því efni getur það heldur ekki skipt máli, að skipverjar hafa falið sama manni að sækja málið. Málshöfðunin og meðferð málsins er af

greindum ástæðum lögleysa og verður þess vegna ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða sjóréttardóm og alla undanfarandi meðferð málsins og vísa málinu frá sjódómnum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en samkvæmt úrslitum málsins þykir ekki verða hjá því komizt að dæma hina stefndu til þess in solidum að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti og ákveðst hann kr. 150.00.

#### Því dæmist rétt vera :

Hinn áfrýjaði sjóréttardómur og öll meðferð málsins fyrir sjódómnum á ómerk að vera og vísast máli þessu frá sjódómnum.

Málskostnaður í héraði falli niður, en málskostnað í hæstarétti greiði hinir stefndu, Ágúst Guðjónsson, Garðar Jónsson, Eðvald Valdórsson, Sæbjörn Vigfússon og Hallgrímur Bóason in solidum áfrýjanda Jóni Grimssyni, útbússtjóra, f. h. útbús Landsbanka Íslands Eskifirði, með kr. 150.00 að viðlagðri aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo :

Mál þetta hefir stefnandinn Eiríkur Bjarnason höfðað fyrir sjódomi Suður-Múlasýslu f. h. skipverja á v/b. Auðbergur S. M. 33, þeirra Ágúst Guðjónssonar, Garðars Jónssonar, Eðvalds Valdórssonar og Sæbjörns Vigfússonar, gegn eiganda og útgerðarmanni bátsins, Hallgrími Bóassyni á Reyðarfirði, til greiðslu á vangreiddum aflahlut og kaupi, til Ágúst Guðjónssonar kr. 383.53, til Garðars Jónssonar kr. 1282.60, til Eðvalds Valdórssonar kr. 783.43 og til Sæbjörns Vigfússonar kr. 199.67 eða samtals kr. 2619.23.

Í kröfunni til sjódómsins er það fram tekið að umbjóðendur stefnanda hafi nokkur undanfarin ár verið ráðnir skipverjar á téðan vélbát stefnds og ráðningarkjörin verið miðuð við hluta úr afla á vertíðinni og tímakaup við hirðingu bátsins. Þar segir ennfreður: „Hefir jafnan gengið svo til að Hallgrímur eigi hefir getað greitt skipshöfninni hlutarandvirði hennar í vertíðarlok, en þó greitt eftirstöðvarnar jafnskjótt og hann hefir orkað á næstu vertíð, enda slíkt gert að skilyrði af hálfu skipshafnarinnar fyrir áframhaldandi starfi hennar.“

Hefir stefnandinn gert þær kröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér framangreindar fjárhæðir með 6% ársvöxtum frá 25. jan. þ. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Ennfremur að sjódómurinn staðfesti sjóveðrétt skipverja í v/b. Auðbergur S. M. 33, með rá og reiða, vél og öllu tilheyrandi, til tryggingar greiðslu á kröfum þeirra með vöxtum og kostnaði og loks að sjódómurinn heimili skipverjum að gera fjárnám í bátnum með tilheyrandi og láta fara fram uppboð á honum fyrir kröfum þeirra ásamt vöxtum og kostnaði.

Undir rekstri málsins hefir af hálfu útbús Landsbankans á Eskifirði, sem veðhafa í v/b. Auðbergur S. M. 33, verið höfðuð meðalgöngusök og þess krafizt þar að kröfu aðalstefnanda um sjóveðrétt í v/b. Auðbergur S. M. 33, og um heimild til fjárnáms og uppboðssölu á honum verði ekki teknar til greina og sýknað verði af þeim kröfum. Ennfremur að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða stefnanda meðalgöngusakar málskostnað eftir reikningi eða mati réttarins.

Aðalstefndur mætti hvorki né lét mæta við fyrstu fyrirtekt málsins, en er meðalgöngusökin var fyrir tekin lét hann mæta í málinu en hreyfði þó engum mótmælum gegn dómkröfum aðalstefnanda, enda hafði aðalstefnandi lagt fram í málinu sundurliðaða reikninga frá umbjóðendum sínum yfir viðskipti þeirra við aðalstefndan, sem hafði ritað yfirlýsingu á reikningana um að þeir væru réttir. Það verður því þegar af þessari ástæðu að taka kröfu aðalstefnanda til greina að öllu leyti og skylda aðalstefnda til að greiða hinar umstefndu fjárhæðir með 6% ársvöxtum frá 25. jan. þ. á. til greiðsludags.

Kröfur sínar um að sjóveðréttur skipverja á v/b. Auðbergur S. M. 33, verði ekki viðurkenndur byggir stefnandi meðalgöngusakar fyrst og fremst á því, að sannanir vanti fyrir því að umbjóðendur aðalstefnanda hafi nokkurntíma verið ráðnir skipverjar á v/b. Auðbergi S. M. 33, og þó svo hafi verið sé alveg óupplýst hvenær ráðning hafi farið fram, til hvaða tíma, með hvaða kjörum þeir séu ráðnir eða hvenær skráðir úr skiprúmi.

Í sjómannalögum nr. 41 frá 1930 og lögum um lögskráningu sjómanna nr. 53 frá 1930 séu sett ítarleg ákvæði um ráðningu sjómanna á skip og þær reglur séu meðal annars settar til varnar fyrir eigendur skips eða veðhafa í skipi gagnvart ósönnuðum eða röngum sjóveðsréttarkröfum skipverja og þeim beri að sanna slíkar kröfur með hinum lögskipuðu opinberu skjölum, skipshafnarskrá og viðskiptabókum.

Aðalstefnandi hefir lagt fram í málinu skipshafnarskrá v/b. Auðbergur S. M. 33, svo og sundurliðaða reikninga frá skipverjum yfir viðskipti þeirra við aðalstefndan árin 1932 og 1933, með áritaðri viðurkenningu aðalstefnda fyrir því, að reikningarnir séu réttir og loks hefir verið lögð fram í málinu svo hljóðandi yfirlýsing frá aðalstefndum: „Eg undirritaður lýsi því hér með yfir að eitt af skilyrðum fyrir því að þeir Ágúst Guðjónsson, Garðar Jónsson, Eðvald Valdórsson og Sæbjörn Vigfússon yrðu áfram starfandi á vélbát mínum „Auðbergur“ S. M. 33, árið 1933, var það, að fyrstu greiðslur til þeirra á árinu 1933 væru upp í eftirstöðvar af kaupgjaldi þeirra frá fyrra eða fyrri árum.“

Telur aðalstefnandi að með framlagningu þessara skjala sé fengin lögfull sönnun fyrir því, að umbjóðendur hans hafi verið ráðnir á bátinn og fyrir réttmæti krafa þeirra, enda hafi það verið alkunna, að þeir hafi í nokkur undanfarin ár starfað sem skipshöfn á bát þessum.

Rétturinn er þeirrar skoðunar að sjómannalögin og lög um lögskráningu sjómanna séu eingöngu sett til að ákvæða réttarstöðu skipverja gagnvart útgerðarmanni, en ákvæði þeirra séu enganvegin lögleidd til varnar réttindum veðhafa í skipum. Lögin sjálf gefa enga bendingu í þá átt og af ástæðunum fyrir lagafrumvörpum verður engin slík ályktun dregin. Ekki verður heldur fallið á, að skipverj-

ar geti ekki sannað skiprúmsvist sína löglega á annan hátt, en með framlagningu skipshafnarskrár og viðskiptabóka, heldur gildi þar um almennar sönnunarreglur.

Samkvæmt hinni framlögðu skipshafnarskrá virðast skipverjar hafa verið lögskráðir á v/b. Auðberg S. M. 33 árið 1933, sem hér segir: Eðvald Valdórsson frá 19. jan. til 25. s. m. Hann er aftur lögskráður 10. marz, en hvenær afskráður sést ekki. Loks er hann lögskráður 2. maí og afskráður 1. júlí. Garðar Jónsson er lögskráður 19. jan. og afskráður 25. s. m. Aftur er hann skráður í skiprúm 10. marz, en hvenær afskráður sést ekki. Síðan lögskráður 2. maí og afskráður 22. júní. Sæbjörn Vigfússon er skráður á bátinn frá 10. marz til 16. marz og frá 2. maí til 8. maí.

Stefnandi meðalgöngusakar hefir mótmælt því að skipshafnarskráin sé löglegt sönnunargagn fyrir skiprúmsvist umbjóðenda aðalstefnanda, þar sem á hana vanti meðal annars undirskrift skipstjóra og lögskráningarstjóra. En enda þótt ekkert tillit sé tekið til skipshafnarskrárinnar, sem að visu styrkir framb. skipverja, þó gölluð sé, verður samt að álita að aðalstefnandi hafi fært gildar sannanir fyrir því að umbjóðendur hans hafi verið ráðnir skipverjar á v/b. Auðberg S. M. 33 á árinu 1933, því bæði liggur fyrir um það skýlaus yfirlýsing aðalstefnds (rskj. 12) og auk þess hefir hann viðurkennt reikninga skipverja rétta, en á þeim reikningum er þeim öllum fært til tekna andvirði aflahluta árið 1933, en þann hlut gátu þeir ekki fengið, nema sem skipverjar á greindum bát aðalstefnds.

Þá hefir stefnandi meðalgöngusakar neitað sjóveðrétti skipverja í bátnum af þeirri ástæðu að reikningarnir beri það með sér að aflahlutum 1933 hafi verið skilað og á hann þar við að greiðslur þær, sem aðalstefndur innti af hendi til skipverja það ár hafi fyrst og fremst gengið til greiðslu hlutanna, en ekki til afborgunar á eldri skuldum hans við skipverja. Hlutirnir hafi verið eign skipverja og útgerðarmaður hafi því hlotið að skila andvirði þeirra nema hann hafi fengið það að láni með sérstökum samningi, en sjóveðrétt geti þeir ekki öðlazzt fyrir slíku láni.

Aðalstefnandi hefir aftur á móti haldið því fram, að það sé algild regla, þegar skuldunautur innir greiðslu af hendi, án þess að setja ákveðnar skorður um hverja skuld hann greiði, sé lánardrottinn frjálst að kvitta hvern þann

hlut kröfu sinnar, sem hann vill, en auk þess hefir hann lagt fram í málinu yfirlýsingu aðalstefnds (rskj. 12) um að umbjóðendur hans hafi beinlinis gert það að skilyrði fyrir framhaldandi starfi á skipinu, að fyrstu greiðslur til þeirra á árinu 1933, skyldu ganga upp í eftirstöðvar af kaupgjaldi þeirra frá fyrra eða fyrri árum.

Á þessa skoðun aðalstefnanda verður rétturinn að fallast og telur því framangreindar mótbárur stefnanda meðalgöngusakar gegn sjóveðrétti umbj. aðalstefnanda ekki á rökum byggða.

Enn er því haldið fram af stefnanda meðalgöngusakar að sjóveð í bátum eigi skipverjar ekki, þegar af þeirri ástæðu að sjómenn hafi aldrei sjóveð í skipi fyrir hlut sinn úr afla. Á þetta verður ekki fallt. Það skiptir eigi máli í þessu efni í hverju kaupið á að greiðast, hvort heldur peningum, aflahlut eða öðru. Sjóveð eiga skipverjar ávallt fyrir kaupi sínu skv. 236. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914 og geta neytt þessa réttar síns þegar svo stendur á, eins og hér að útgerðarmaður getur ekki innt kaupið af hendi.

Af framangreindum ástæðum telur rétturinn umbjóðendur aðalstefnanda eiga sjóveð í v/b. Auðbergur S. M. 33, fyrir því, sem ógreitt er af kaupi þeirra og aflahlut frá árinu 1933 og er þá eftir að athuga hina framlögðu reikninga.

*Krafa Ágústs Guðjónssonar* sundurliðast þannig: Ógreitt kaup og hlutur í árslok 1933, kr. 300.73 og vinna við að gera við bátinn í janúar og mála hann í júlí s. á. kr. 82.80 eða samtals kr. 383.53. Um fyrri liðinn er það að segja að samkvæmt reikningnum skuldaði aðalstefndur Ágúst í árslok 1932 kr. 310.00. Þar við bætist svo aflahlutur á árinu kr. 500.00 og kaup kr. 30.63. Upp í þetta eru greiddar 540 kr. eða meira en eftirstöðvunum í árslok 1932 nam. Mismunurinn kr. 300.73 er því ógreitt kaup og aflahlutur frá 1933 og á Ágúst samkvæmt því, er að framan greinir, sjóveð í v/b. Auðbergi S. M. 33 fyrir þeirri fjárhæð. Hinsvegar verður ekki talið upplýst hvort Ágúst var skipstjóri á bátnum, er vinna hans við viðgerð á bátnum fór fram og verður honum því ekki gegn mótmælum stefnanda meðalgöngusakar tildæmdur sjóveðréttur í bátnum fyrir þeirri fjárhæð kr. 82.80.

*Krafa Eðvalds Valdórssonar* er kr. 700.63 fyrir ógreidd-

an aflahlut og kaup í árslok 1933 og kr. 82.80 fyrir vinnu við bátinn í jan. og júlí s. á. Samkv. reikningum hefir inneign hans hjá aðalstefndum í árslok 1932 numið kr. 605.35. Aflahlutur 1933 kr. 550.28. Honum greitt á árinu kr. 455.00 sem er lægri fjárhæð en eftirstöðvarnar í árslok 1932. Sjóveð á hann því aðeins fyrir hlutnum, sem honum bar árið 1933 kr. 550.28, þar sem sjóveðréttur fyrir kaupi og aflahlut frá 1932 er fyrndur samkv. 251. gr. siglingarlaganna. Gegn mótmælum stefnanda meðalgöngusakar verður Eðvald ekki tildæmdur sjóveðréttur í v/b Auðbergi S. M. 33 fyrir vinnu hans við bátinn í jan. og júlí 1933, með því að ekki verður með vissu séð, hvort hann var þá lögskráður á bátinn.

*Krafa Garðars Jónssonar.* Útgerðarmaður er talinn skulda honum í árslok 1933, kr. 1220,20 fyrir vangreitt kaup og aflahlut, auk kr. 32.40 fyrir vinnu við bátinn í jan. 1933. Í árslok 1932 skuldaði aðalstefndur honum kr. 1170.20. Hlutur á árinu kr. 605.00 og kaup 45 kr. Á árinu hafa verið greiddar 600 kr. Af sömu ástæðu og fram er tekið um kröfu Eðvalds Valdórssonar á Garðar aðeins sjóveð fyrir hlut sínum og kaup 1933 eða fyrir kr. 650.00 en fyrir kröfu hans fyrir vinnu við bátinn í janúar 1933 kr. 32.40 á hann ekki sjóveð af sömu ástæðu og fram er tekið um samskonar kröfu þeirra Ágústs Guðjónssonar og Eðvalds Valdórssonar.

*Krafa Sæbjörns Vigfússonar* kr. 199.67 er samkvæmt reikningi eftirstöðvar af aflahlut frá árinu 1933, þar sem honum hefir verið greidd hærri fjárhæð á árinu en inneign hans nam í árslok 1932 og á hann því sjóveð í v/b Auðbergur S. M. 33 fyrir kröfunni.

Eftir þessum úrslitum málsins greiði aðalstefndur aðalstefnanda 150 krónur í málskostnað. Hinsvegar þykir rétt eftir málavöxtum að málskostnaður í meðalgöngusök falli niður.

Vegna þess að formaður sjódomsins hefir verið á stöðugu ferðalagi frá því í júní og til loka júlímánaðar á þingferðum og öðrum embættiserindum, hefir dómssuppsögnin dregið svo mjög.